

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu á Seyðisfirði árið 1998.

1. gr.

Bæjarstjórn Seyðisfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald) árið 1998.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki í kaupstaðnum. Innheimta skal gjaldið með fasteignagjöldum og eru gjalddagar og eindagar sorphirðugjaldsins þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldið er sem hér greinir:

A) Almennur neysluúrgangur			kr.
Íbúðir		Sorphirðugjald	6.000
Fyrirtæki / pr. eining		Sorphirðugjald	6.000
B) Annar úrgangur			
Fyrirtæki			
	Flokkur 1	Sorpeyðingargjald	6.000
	" 2	"	18.000
	" 3	"	36.000
	" 4	"	72.000
	" 5	"	144.000
	" 6	"	216.000
	" 7	"	288.000

Bæjarstjórn skipar fyrirtækjum í flokka, m.a. eftir magni úrgangs.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seyðisfjarðar, er hér með staðfest samkvæmt 18. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með síðari breytingum, til að gilda fyrir árið 1998.

Umhverfissráðuneytinu, 19. janúar 1998.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík.

1. gr.

Stofnunin heitir Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Eignir stofnunarinnar eru fasteignir Holtsgata 7 og Marargata 2, Reykjavík, Styrktar-sjóður St. Jósefsspítala og þær eignir, sem hún síðar kann að eignast fyrir gjöf eða á annan hátt.

Þá eru eignir stofnunarinnar fasteignirnar Ægisgata 26, 72%, Öldugata 17, 50% og Öldugata 19, Reykjavík. Þessar eignir eru í umráðum og rekstri Sjúkrahúss Reykjavíkur á meðan þeirra er þörf í rekstri sjúkrahússins.

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er rekstur fasteigna þeirra, sem stofnunin á nú og kann að eignast síðar.

Verði rekstrarafgangur af þessum eignum, skal hann renna til styrktar vísindastarfsemi í læknisfræði og öðrum heilbrigðisvísindum. Heimilt er að ráðstafa höfuðstól eigna í sama tilgangi, ef fasteignir eru seldar.

Stofnunin rekur Styrktarsjóð St. Jósefsspítala í samræmi við skipulagsskrá hans.

Þá mun stofnunin annast rekstur annarra sjóða, sem henni kann að verða falinn.

4. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð 5 mönnum, sem fyrst skulu tilnefndir af fráfarandi fulltrúaráði stofnunarinnar. Gangi stjórnarmaður úr stjórninni, tilnefnir stjórnin mann í hans stað.

5. gr.

Heimilt er stjórninni að ráða starfsmann til þess að annast reikningshald og umsjón með eignum stofnunarinnar. Löggiltur endurskoðandi skal endurskoða bókhald og reikninga stofnunarinnar.

6. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að leggja stofnunina niður skal samþykkt af stjórn hennar og heilbrigðismálaráðherra.

7. gr.

Verði stofnunin lögð niður skulu eignir hennar og skuldir renna til ríkissjóðs.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala, Reykjavík, sem staðfest var 2. febrúar 1977.

Samþykkt af fulltrúaráði Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala 12. júní 1997.

Höskuldur Ólafsson (sign)
Ingibjörg R. Magnúsdóttir (sign)
Baldur Guðlaugsson (sign)
Rakel Valdimarsdóttir (sign)
Kristján Ragnarsson (sign)
Guðni Guðmundsson (sign)
Jóhannes Nordal (sign)
Gunnar J. Friðriksson (sign)

Ingibjörg S. Guðmundsdóttir (sign)
Einar Stefánsson (sign)
Gunnar Friðriksson (sign)
Sigurður Helgason (sign)
Bjarni Lárusson (sign)
Ólafur Örn Arnarson (sign)
Logi Guðbrandsson (sign)

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 20. janúar 1998.

F. h. r.
Þorsteinn Geirsson.

Fanney Óskarsdóttir.